

Drög 06. des. – Texti um framkvæmd á upplýsingaskilti. Með nöfnum.

Hugmyndina að gerð minnismerkis um kirkju landnámsmannsins Örlygs Hrappssonar, á sér áratuga langa sögu innan þjóðkirkjunnar. Féllu þær hugmyndir í góðan jarðveg hjá Kjalnesingum.

Sögufélagið Steini á Kjalarnesi, stofnað árið 2010, hafði forgöngu að verkefninu.

Frumteikningu og hugmyndir að gerð og útliti keltnesks altaris setti séra Gunnþór Þ. Ingason fram. Fagteikningar vann Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, landslagsarkitekt.

Sögufélagið próaði hugmyndina um keltneskt útaltari að Esjubergi, aflaði fjár og sá um framkvæmdina. Endanlegt útlit altaris er afrakstur af samvinnu og hugmyndasmíð stjórnar Sögufélagsins.

Landeigendur Esjubergs gáfu Sögufélaginu góðfúslegt leyfi til byggingar útaltarisins.

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, tók fyrstu skóflustunguna, 8. maí 2016, ásamt Þórhildi Ólafs prófasti Kjalarnessprófastsdæmis, Hrefnu S. Bjartmarsdóttur, formanni Sögufélagsins Steina, Birni Jónssyni, formanni sóknarnefndar Brautarholtssóknar og Benedikti Torfa Ólafssyni Zoéga, einu fermingarbarni í sókninni það ár.

Sjálfboðaliðsvinna félaga í Sögufélaginu, aðstoð barna og fullorðinna á Kjalarnesi og víðar, verður seint metin til fjár. Einstaklings- og fyrirtækjaframlög voru vegleg. Styrkir fengust m.a með söfnun á Karolina Fund, frá héraðssjóði Kjalarnessprófastsdæmis, úr Kristnisjóði þjóðkirkjunnar og Samfélagssjóði Kaupfélags Kjalarnessþings.

Hleðslumeistarar voru Ari Óskar Jóhannesson og Kristín Auður Kelddal. Guðni Ársæll Indriðason steypiti altariskrossinn samkvæmt forsögn stjórnar Sögufélagsins.

Stjórnarmenn Sögufélagsins á byggingartíma: Hrefna S. Bjartmarsdóttir formaður, Bjarni Sighvatsson varaformaður, Guðlaug H. Kristjánsdóttir ritari, Theodór Theodórsson gjaldkeri, Sigríður Pétursdóttir meðstjórnandi. Varamenn: Gunnþór Þ. Ingason, Þorbjörn Broddason, Sigþór Magnússon og Ólafur Þ. Zoéga,

Biskup Íslands vígði altarið, 20. júní 202, að viðstöddu fjölmenni. Áratugalangur draumur margra varð að veruleika.

Pennan texta má setja í ljósmyndatexta:

Jarðvegsframkvæmdir hófust samdægurs.

Byggingarefni var sótt í grjótnámur á Kjalarnesi, Álfsnesi og í Innra Hólmi. Tíu tonna bjargi úr Esjubergsnámu var komið fyrir í miðju svæðis sem altarissteini.